



1. Páll er veikur



H1.68

Páll er veikur í dag. Hann er ekki hress, honum líður illa. Honum er illt í hálsinum. Hann ætlar ekki í vinnuna í dag. Hann ætlar að liggja í rúminu og hvíla sig – og snýta sér! Hann þarf líka að hringja og tilkynna veikindi í vinnunni.



Gunnar: Stál og hnífur, góðan daginn

Páll: Er þetta Gunnar?

Gunnar: Já.

Páll: Sæll. Þetta er Páll. Ég er veikur í dag.

Gunnar: Já, ég heyri það. Láttu þér batna!

Páll: Takk fyrir, bless.



2. Líkaminn

Skrifaðu rétt orð á réttan stað á myndunum



Höfuð

magi
hendur
fótur
bak
háls
axlir



Mér er illt í	hálsinum	
Henni er illt í	maganum	
Honum er illt í	höfðinu	
Er þér illt í	bakinu?	

3. Hvernig líður þér?

Mér líður vel í dag!

Honum líður vel.



Henni líður illa.



3.1 Hvernig líður honum/henni?



Hann er ánægður.

Hún er ánægð.

Hann er leiður.

Hún er leið.



Hann er þreyttur.

Hún er þreytt.

Hann er reiður.

Hún er reið.



Hann er veikur.

Hún er veik.

Hann er hræddur.

Hún er hrædd.



3.2 Skrifaðu rétt svör



Er hún ánægð?

Nei, hún er hrædd.



Er hann reiður?

Nei, hann er



Er hann veikur?



Er hann leiður?



Er hann hræddur?



Er hún reið?



Er hún veik?



Er hún leið?

3.3 Tölum saman!



- a) Hvernig líður þér í dag?
- b) Ertu þreyttur/þreytt núna?
- c) Varstu ánægður/ánægð í gær?
- d) Er þér illt í bakinu?

Mér líður....

Já, mér er.../Nei, mér er ekki....

Mér er mjög kalt.



Mér er mjög heitt.



Hvað segir Fríða frænka?

- Er þér kalt núna?
- Er þér oft kalt á Íslandi?
- Er þér stundum heitt á Íslandi?

4. Í lyfjabúð



H1.69

- Afgreiðslukona: Góðan daginn, get ég aðstoðað?
Páll: Ég ætla að fá hóstasaft.
Afgreiðslukona: Gjörðu svo vel, eitthvað fleira?
Páll: Já, einn pakka af verkjatöflum.
Afgreiðslukona: Það eru 643 krónur.



4.1 Hvað er hægt að kaupa í apóteki?




Er hægt að kaupa ...

- | | | | |
|-------------------|-----------------------------|------------------------------|----------------------------------|
| hóstasaft? | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> kannski |
| lyf? | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> kannski |
| blóm? | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> kannski |
| súkkulaði? | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> kannski |
| plástur? | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> kannski |
| kaffi? | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> kannski |



Hvað segir Fríða frænka?



Það þarf að fá lyfseðil hjá lækni til að kaupa lyf.

lyfjabúð = apótek

5. Ég þarf að fara til læknis



H1.70

- Örn: Ég þarf að fara til læknis á morgun.
Gylfi: Klukkan hvað þarft þú að fara?
Örn: Klukkan þrjú.
Gylfi: Ekkert mál. Ég þarf að skreppa í klippingu á eftir.

5.1 Sóley og Adam. Hlustaðu og merktu við rétt svar



H1.71

Klukkan níu þarf Adam að ...

- skreppa til Póllands. skreppa í banka. skreppa út í búð.

Klukkan þrjú þarf Sóley að ...

- fara í vinnuna. fara í klippingu. fara í heimsókn.

Klukkan sex þarf Sóley að ...

- fara út í búð. fara til læknis. fara í afmæli.

Klukkan fimm þarf Adam að ...

- skreppa í bakarí. skreppa í göngutúr. skreppa til læknis.




Hvað segir Fríða frænka?

Hringdu í **112** ef þú þarft:

Lögreglu



Sjúkrabíl



Slökkvilið



6. Hvað kann ég?



6.1 Vinnið tvö saman og bíðið til samtals Lesið samtalið upp fyrir bekkinn



Til dæmis samtal:
• í vinnunni • í apóteki
• í búð • milli vina

6.2 Tölum saman! Skrifaðu orðin sem vantar og spurðu svo!



a) Hvernig _____ þér í dag?

_____ líður _____.

b) Er _____ oft kalt á Íslandi?

Já, mér er _____. /Nei, _____.

c) Hvað kaupir þú í _____?

Ég kaupi _____ í apóteki.

d) Ertu _____ núna?

Já, ég er _____ núna. /Nei, ég _____.

e) Er mjög _____ í þínu landi?

Já, það er _____. /Nei, _____.

f) Þarftu stundum að skreppa í banka?

Já, ég _____. /Nei, ég _____.

7. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann að segja

- Mér líður vel
- Mér líður illa
- Mér er heitt
- Mér er kalt

2. Ég kann orðin

- Höfuð
- Magi
- Bak
- Axlir
- Hendur
- Fótur

3. Ég kann að segja

- Mér er illt í maganum
- Mér er illt í höfðinu
- Mér er illt í bakinu

4. Ég kann að tilkynna veikindi í vinnunni

- Ég er veikur í dag
- Ég er veik í dag

5. Ég kann orðin

- ánægður/ánægð
- þreyttur/þreytt
- leiður/leið
- reiður/reið
- veikur/veik

6. Ég kann að segja

- Ég þarf að fara til læknis
- Ég þarf að skreppa ...

7. Ég þekki orðin

- Læknir
- Tannlæknir
- Lyfseðill
- Lögregla
- Sjúkrabíll
- Slökkvilið

Lýsingarorð

Karlkyn - kk hann er ...	Kvenkyn - kvk hún er ...	Hvorugkyn - hk það er ...
ánægður	ánægð	ánægt
hress	hress	hresst
hræddur	hrædd	hrætt
leiður	leið	leitt
reiður	reið	reitt
þreyttur	þreytt	þreytt
veikur	veik	veikt
Fleiri orð:	Fleiri orð:	Fleiri orð:
stór	stór	stórt
lítil	lítil	lítið
fallegur	falleg	fallegt
ljótur	ljót	ljótt
góður	góð	gott
vondur	vond	vont
skemmtilegur	skemmtileg	skemmtilegt
leiðinlegur	leiðinleg	leiðinlegt

Ópersónuleg sögn – að líða

(ég) mér	líður	vel
(þú) þér		
(hann) honum		
(hún) henni		

– að vera heitt/kalt

(ég) mér	er	heitt kalt
(þú) þér		
(hann) honum		
(hún) henni		

– að vera illt

(ég) mér	er	illt	í maganum í höfðinu í bakinu
(þú) þér			
(hann) honum			
(hún) henni			

